



KONA MEÐ AUGU GUÐS

Hún kann að drepa

sporðreka

berst við þrálátan þorstann

öskrandi stríðsmann

sem breytist

í grátandi barn

grátandi barn

í öskrandi stríðsmann

sem frjónskar hana

sem var barn í gær

sem fæðir stríðsmann

á morgun

Og hún er þú

og þú ert hún

og þú ert þær

þú

Auður Jónsdóttir

NOKKUR ORÐ FRÁ VIGDÍSI FINNBOGADÓTTUR

Við Íslendingar höfum verið lánsöm að eiga sterka kvennahreyfingu. Samtök kvenna hafa allt frá miðbiki 19. aldar verið drifkraftur lýðræðisþróunar og aukinnar velferðar á Íslandi. UNIFEM á Íslandi bættist í þann kröftuga hóp fyrir tuttugu árum. Ég hef verið félagi landsnefndarinnar allt frá stofnun hennar en staða kvenna í samfélagi þjóðanna hefur alla tíð verið mér hugleikin. Vissulega hefur mikill árangur náðst á sviði jafnréttismála, en ennþá er mjög á brattann að sækja.

Landsnefnd UNIFEM á Íslandi gegnir í mínum huga tvíþættu hlutverki. Í fyrsta lagi, að við gerum okkur grein fyrir hlutskipti kvenna í þróunarlöndum eða á stríðshráðum svæðum, og því næst að afla fjár til að koma til hjálpar hvar sem er á byggðu bóli þar sem við vitum af konum sem lifa við örbirgð og helsi. Þannig myndast með okkur systralag, því þrátt fyrir ólíkar aðstæður og lífsgæðamun reynum við að setja okkur í þeirra spor.

Með þessum orðum óska ég UNIFEM á Íslandi til hamingju með tuttugu ára afmælið og óska landsnefndinni velfarnaðar um ókomin ár.

VIGDÍSI FINNBOGADÓTTIR, fyrrverandi forseti Íslands og stofnfélagi UNIFEM á Íslandi

Með því að stöðja við starf UNIFEM hafa fjölmargir aðilar lagt sitt af mörkum til að búa konum viðs vegar um heimin betri lífsskilyrði. UNIFEM á Íslandi þakkar þessum aðilum fyrir dyggan stuðning og tuttugu ár.

Vertu með! Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir geta stutt starfsemi UNIFEM á margvíslegan hátt. Kiktu á heimasíðuna okkar, www.unifem.is eða líttu við á skrifstofunni hjá okkur.

UNIFEM á Íslandi Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Íslandi Laugavegi 42, 2. hæð 101 Reykjavík Sími: 552 6200 unifem@unifem.is

ÞRÓUN Í ÞÁGU KVENNA – ALLRA HAGUR

UNIFEM á Íslandi hefur styrkt fjölbreytt verk-efni í þau 20 ár sem félagið hefur starfað.

ANDESFJALLAVERKEFNI 1994-1996 Landbúnaðarverkefni í Perú og Ekvador þar sem konur fengu fræðslu um fæðuframléiðslu, rekstur fyrirtækis, markaðssetningu og jafnrétti sem og styrk til að koma eigin verkefnum af stað.

VERKEFNI Á FLÓDASVÆÐUNUM VIÐ INDLANDSHAF 2005 Verkefni sem miðaði að því að vernda og efla rétt kvenna til lífsviðurværis og öryggis í neyðarstarfi og enduruppbyggingu í Indónesíu, Srí Lanka og Sómalíu. Markmið verkefnisins var meðal annars að auka getu og forystu kvenna-hreyfinga í ákvarðanatöku um viðbrögð við flóðunum.

LÍBERÍA OG AUSTUR-KONGÓ 2008 Brotið var blað í sögu íslensku landsnefndarinnar árið 2008 með Fjórðildayfrikunni en á þessari einu viku söfnuðust 92 milljónir króna sem runnu til verkefna UNIFEM í Líberíu og Austur-Kongó. Verkefnið miðaði að því að bæta löggjöf um ofbeldi gegn konum, auka aðstoð og stuðning við þolendur ofbeldis og koma í veg fyrir ofbeldisverk með fræðslu.

INDLANDSVERKEFNI 1998 Verkefni sem studdi konur í sveitastjórnum á Indlandi til þess að hafa raunveruleg áhrif. Konur fengu þjálfun í opinberri stjórnsýslu, meðal annars fjárhagsáætlunargerð og stefnumótun auk þess sem stofnuð voru tengslanet kvenna.

KÓSÓVÓVERKEFNI 2000-2003 UNIFEM í Kósóvó var styrkt til þess að halda námskeið sem stuðluðu að því að þjálfar konur til forystustarfa, efla stjórnmáláþátttöku kvenna og auka færni þeirra í öllu er lýtur að því að gera málstað þeirra frambærilegan.

KVENNAMÍÐSTÖÐVAR Í AFGANISTAN 2005-2006 Kvennamiðstöðvar þessar veita fjölbreytta þjónustu og fræðslu til kvenna í Afganistan. Sem dæmi má nefna lestrarkennslu, frumkvöðla-

þjálfun, leiðtogaþjálfun, mæðra- og ungbarna-efntilrit, heilsugæsluþjónustu, sálsgæslu og fleira.

UNIFEM Á ALPÞÓÐAVÍSU RADDIR KVENNA FÁ HLJÓMGRUNN

KVENNASJÓÐUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA – UNIFEM var stofnaður árið 1976 í kjölfar fyrstu heimsráðstefnu SP um málefni kvenna sem haldin var í Mexíkó árið 1975. Markmið hans var að auka þekkingu og skilning á málefnum kvenna, stuðla að bættum lífskjörum þeirra og auknum réttindum. Upphaflega var sjóðnum aðeins ætlað að starfa í þau 10 ár sem kvennaáratugur SP stóð yfir (1975-1985) en í lok tímabilsins var ljóst að mikil þörf var á áframhaldandi starfi til að tryggja réttindi, sjálfstæði og öryggi kvenna.

UNIFEM FYLGDI ÞESSUM ÁHERSLUM eftir í verkefnum sínum og óhætt er að segja að eftir því sem viðurkenning á mikilvægi jafnréttismála fyrir þróun ríkja hefur aukist hafa viðfangsefni UNIFEM að sama skapi orðið umfangsmeiri og fjölbreyttari. Nú skipta verkefni UNIFEM hundruðum og eru þau afar ólík að umfangi og gerð. Verkefni eru styrkt í 80 löndum með áframhaldandi áherslu á þróunarlönd sem og stríðshráð svæði.

UNIFEM NÝTUR SÍVAXANDI ÁLITS og hefur hvað eftir annað verið nefndur best rekni þróunar-sjóðurinn innan Sameinuðu þjóðanna. Aðalskrifstofa UNIFEM er í New York en starfsfólk, sjálfboðaliðar og velunnarar starfa um allan heim.

EFTIR KVENNARÁÐSTEFNUNA í Nairóbí árið 1985 fór UNIFEM hins vegar að berjast á móti ofbeldi gegn konum eftir mikla umfjöllun um hversu útbreitt það væri og vegna þess að ljóst

UNIFEM hefur alltaf lagt ríka áherslu á að verja sem minnstum hluta fjármuna í yfirbyggingu og tryggja að sem mest skili sér til kvenna, stúlkna og þeirra samfélaga sem á þurfa að halda.

Gott dæmi um árangur UNIFEM er hlutur kvenna á þjóðþingi Rúanda og kjör Ellenar Johnson Sirleaf til forseta í Líberíu, en UNIFEM vann mikið starf við að virkja konur til að kjósa og gefa kost á sér í báðum þessum löndum.

HVAÐ ER UNIFEM? MARKMIÐ UNIFEM

UNIFEM er Kvennasjóður Sameinuðu þjóðanna.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1976 í kjölfar fyrstu heimsráðstefnu SP um málefni kvenna.

UNIFEM er sjálfstæð eining innan Þróunaráætlunar SP (UNDP) og á þar náið samstarf við fleiri stofnanir eins og matvælahjálp SP og Barnahjálp SP.

UNIFEM fer með umboð SP til að vinna að jafnrétti kynjanna og stuðla að því að stefnumótun í þróunarstarfi taki mið af jafnréttissjónarmiðum og réttindum kvenna í samræmi við alþjóðleg markmið.

UNIFEM veitir faglegan og fjárhagslegan stuðning til fjölbreyttra verkefna um heim allan. Verkefnum er ýmist ætlað að draga úr fátækt meðal kvenna; auka stjórnmálaþátttöku kvenna; draga úr útbreiðslu HIV/ alnæmis meðal kvenna og stúlkna og binda endi á ofbeldi gegn konum.

Að efla efnahagslegt öryggi kvenna til að gera þeim kleift að tryggja sér og fjölskyldum sínum öruggt lífsviðurværi.

Að efla þátttöku kvenna í stjórnun, pólitískri stefnumótun og í ákvarðanatökuferli. Tryggja að konur komi að friðarumleitunum og uppbyggingu í kjölfar átaka.

Að stuðla að því að mannréttindi kvenna séu virt og að öll mismunin gegn konum sé afnumin. Í því felst meðal annars að vinna gegn hverskyns ofbeldi gegn konum.

Að koma á auknu samstarfi milli kvennasamtaka, stjórnvalda, einka-geirans og SP á sviði jafnréttismála.

Í starfi UNIFEM er ávallt lögð áhersla á að konur séu virkir þátttakendur á öllum stigum stefnumótunar í þróunarsamvinnu.

